



894. fundur stjórnar GSÍ, 7. desember 2017, kl.17:30 haldinn á Borðinu, Ægissíðu.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Gunnar K. Gunnarsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hörður Geirsson, Jón B. Stefánsson, Hulda Bjarnadóttir og Brynjar E. Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt og undirrituð

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Rædd var skipun stjórnarmanna í starfsnefndir GSÍ og voru stjórnarmenn beðnir um að hugsa fram að næsta fundi hvaða nefndum þeir óska að fara fyrir á tímabilinu. Á næsta stjórnarfundum mun stjórnin skipta með sér verkum.

3. Golfþing, helstu niðurstöður

Almennar umræður um Golfþing 2017 voru teknar og skoðað hvað sambandið gæti bætt fyrir næsta þing. Fundarmenn voru almennt sammála um að þingið og nýtt form þess, þar sem meiri tími gefst til nefndarstarfa, hafi komið vel út og sé þetta fyrirkomulag komið til þess að vera. Farið var yfir tillögur þingsins, bæði þær sem voru samþykktar og þeim sem var hafnað.

4. Kylfingar ársins

Vegna viðurkenninga í tengslum við val á Íþróttamanni ársins voru ræddar tillögur að vali á kylfingum ársins í karla- og kvennaflokki. Miklar umræður sköpuðust og þeim loknum samþykkti stjórn að tilnefna Ólafíu Þ. Kristinsdóttur, GR, og Axel Bóasson, GK. Framkvæmdastjóra var falið að tilkynna val GSÍ til ÍSÍ með formlegum hætti.

5. Samstarfsaðilar

Samstarfssamningar almennt séð voru ræddir og þá sérstaklega þeir samstarfssamningar sem eru að renna út. Stjórn ræddi um þær hugmyndir um að auka verðmæti samstarfssamnings við helstu samstarfsaðila. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra, markaðsstjóra ásamt forseta að halda í þær viðræður sem til þarf til þess að tryggja áframhaldandi gott samstarf við samstarfsaðila sambandsins og um leið skoða nýja samstarfsaðila til framtíðar.



6. Vinnufundur stjórnar 2018

Forseti lagði til að stjórn myndi hittast á sérstökum vinnufundi, sem stæði yfir í einn til tvo daga, á vormánuðum 2018. Á fundinum yrði farið yfir verkefni sumarsins og unnið að stefnu sambandsins næstu misserin. Stefnt er að því að halda fundinn seinni hluta apríl mánaðar. Framkvæmdastjóra var falið að skipuleggja viðburðinn.

Önnur mál

- Næsti fundur stjórnar boður 11. janúar kl. 17:00 í fundarsal GSÍ
- Forskot, almennar umræður um sjóðinn
- Kjörnefnd GSÍ, rædd voru störf Kjörnefndar fyrir nýlokið Golfþing

Fleiri málefni voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl.19.10